

Akureyrarbær
Marta Markúsdóttir
Geislagötu 9
600 Akureyri

Reykjavík, 13. janúar 2022

Tilvísun: 202112070 / 3.2

Efni: Lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi vegna breyttrar stefnu um íbúðarbyggð á ÍB1, Spítalastígur og Tónatröð

Akureyrarbær hefur, með erindi dags. 21. des. 2022, óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. 3. des, 2021, vegna breytingar á aðalskipulagi sbr. 1. mgr. 30. gr. Skipulagslaga.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar skipulagstillögu er að marka stefnu um mun þéttari byggð við Spítalastíg og Tónatröð en gildandi aðalskipulagi gerir ráð fyrir. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir einbýlishúsum í brekkunni, en skv. nýjum hugmyndum er ráðgert að byggja á hluta svæðisins stölluð fjölbýlishús, og afmarka nýjan skipulagsreit ÍB1-a.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og telur lýsinguna veita góða mynd af viðfangsefni skipulagsbreytingarinnar og áætluðu samráðs- og kynningarferli en bendir á mikilvægi þess að við mótun tillögunnar verði þess gætt að ný byggð hafi ekki neikvæð áhrif á ásýnd núverandi byggðar vestan Drottningarbrautar.



Málfríður K. Kristiansen